

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

16. október 2012
Tilvísun: 2012090047/10.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, 93. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts yðar, dags. 27. september 2012, þar sem óskað er eftir umsögn þess um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum. Einnig er vísað til síðari samskipta og fundar með efnahags- og viðskiptanefnd um efni frumvarpsins 10. október 2012.

Umsögn Fjármálaeftirlitsins við efni frumvarpsins er sem hér segir:

I. Athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins

Í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, er kveðið á um að allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt bókhaldsgögnum og fylgiskjölum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í rafrænu formi, á örfilmu eða annan sambærilegan hátt, skuli varðveittar hér á landi á tryggn og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að ekki sé ljóst af ákvæðinu hvort telja megja að tölvupóstar séu bókhaldsgögn sem varðveita eigi í sjö ár. Jafnframt er bent á mikilvægi þess að tölvupóstar séu geymdir og að það geti haft mikla þýðingu við eftirlitsstörf.

II. Athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins

Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins kemur fram að skoðunarmenn skuli yfirfara ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Skoðunarmaður skal staðfesta þá vinnu sem hann innir af hendi varðandi reikningsskilin með undirskrift sinni og dagsetningu á ársreikninginn og telst undirskriftin hluti ársreiknings.

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við að ekki sé ljóst hvert sé hlutverk og ábyrgð skoðunarmanns. Ekki er ljóst af frumvarpinu eða athugasemdum við einstaka greinar þess hvað felist í orðunum "yfirferð ársreikninga". Þá telur Fjármálaeftirlitið þarft að skýra hvaða vinnu skoðunarmaður staðfestir með undirritun sinni. Áhersla er lögð á mikilvægi samanburðarhæfni í vinnubrögðum og að sameiginlegur skilningur sé í hverju yfirferð ársreikninga felst.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Með öðrum orðum þá þarf að vera ljóst hvaða þýðingu undirritun skoðunarmanns hefur og þá hvaða vissu undirritunin er að veita lesanda ársreiknings, sem hefur verið yfirfarinn af skoðunarmanni. Einnig er ekki ljóst hvort endurskoðendur geti tekið að sér að yfirfara ársreikning, sem ekki er skylt að endurskoða.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Bergrind Helga Jónsd.
Bergrind Helga Jónsdóttir